

Umsóknir um styrk skulu komnar til forsætisráðherra fyrir 1. júlí.  
Styrkur veitist í fyrsta sinn árið 1933.

90

15. sept.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins og skýrslu um, hverjir notið hafa, skal birta í Stjórnartíðindunum.

*Forsætisráðherrann, 15. september 1933.*

Ásgeir Ásgeirsson.

## REGLUGERÐ

91

um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum,

18. sept.

16. febrúar 1929.

Aftan við 5. gr. komi ný málgr., er svo hljóðar:

Eimkatlar með vinnubrýsting yfir 8 kg/cm.<sup>2</sup> og aðrir katlar þar sem framkvæmi af hitafleti í ferm. og þrýstingi í kg/cm.<sup>2</sup> er yfir 30, mega ekki standa í, undir eða yfir herbergjum, þar sem aðrir en gæzlumenn ketilsins hafast við að staðaldri.

Tveir eða fleiri katlar, sem samtímis eru í notkun, teljast sem einn ketill.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 18. sept. 1933.*

Þorsteinn Briem.

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

92

um tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum.

20. sept.

Samkvæmt lögum nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Til niðursuðu, bjúgnagerðar eða hverskonar annars tilbúnings matvæla úr kjöti eða öðrum sláturfjárafurðum, sem ætlaðar eru til sölu, má aðeins nota kjöt,

20. sept. **92** sem skoðað hefir verið af lækni, sem fengið hefir löggildingu til kjötskoðunar, og stimplað af honum sem heilbrigð og ósaknæm vara. Sé um að ræða aðrar sláturfjárafurðir til slíkrar matvælagarðar, má því aðeins nota þær, að þær hafi verið skoðaðar af lækni og af honum dæmdar heilbrigðar og ósaknæmar.

2. gr.

Tilbúningur slíkra matvæla, sem um getur í 1. gr., má aðeins fara fram í loftgóðum og björtum húsakynnum, þar sem auðvelt er að ná til þvottavatns, og þannig gerðum, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Frárennsli skal vera svo gott, að engin hætta sé á, að óhreinindi safnist fyrir í húsunum eða kringum þau, er óheilnæmi geti stafað af. Skal þess ætíð gætt að halda slíkum húsum svo hreinum að öruggt sé.

3. gr.

Peir, einir, sem að dómi læknis eru hraustir og lausir við smitandi sjúkdóma, mega vinna að tilbúningi slíkra matvæla, sem um getur í 1. gr. Slík læknisskoðun skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári.

4. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því, að reglum þessum sé fylgt, og má enginn hefja slíka starfrækslu, sem um getur í 1. gr., nema hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd hafi skoðað húsakynninn og leyft að slík starfræksla megi fara þar fram. Þar sem engin heilbrigðisnefnd er til, annast héraðslæknir þessi störf.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 2000 krónum. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar ganga í gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

---

*Vígfús Einarsson.*